

Fundargerð 63. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 11. maí kl. 13:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfssdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu og var fundarlið 3 bætt við útsenda dagskrá í stað fundarliðarins önnur mál.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2022 - 2303001SO

Ársreikningur 2022 lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikning 2022.

2. Vindorka, valkostir og greining - 2201001SO

Rætt var um skýrslu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins „Vindorka - valkostir og greining“.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfssdóttir geri drög að umsögn um efni skýrslunnar sem lögð verður fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður þriðjudaginn 16. maí nk. kl. 08:00.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfssdóttir mæti fyrir hönd stjórnarinnar á fund verkefnastjórnar í 5. áfanga rammaáætlunar ásamt faghópum þann 17. maí nk.

3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga fóru á fund í síðustu viku með Innviðaráðherra, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og kynntu tillögur samtakanna um hvernig aðildarsveitarfélögin sjá fyrir sér að eigi að tryggja ávinning nærsamfélagsins sem voru samþykktar á aukaaðalfundi samtakanna þann 21. apríl síðastliðinn. Á Orkufundi 2023 sem haldinn var 10. maí 2023 kom fram í máli Umhverfis-, orku- og loftsráðherra að samþykkt var af ríkisstjórn þann 11. apríl að skipa starfshóp um orkumál til að skoða þau atriði sem fram koma í stöðuskýrslu um Vindorku og varða skattaleg atriði með það að markmiði að styrkja tekjustofna nærsamfélaga.

Í kjölfarið vill stjórn Samtaka orkusveitarfélaga koma eftirfarandi á framfæri:

Á stjórnarfundum samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar var bókað að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn samtaka orkusveitarfélaga fagnar því breytta viðhorfi sem fram hefur komið, bæði frá stjórnvöldum og orkuframleiðendum, þar sem þau gera sér grein fyrir að orkuskipti í náinni framtíð munu ekki raungerast nema með góðri samvinnu við nærsamfélagið. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur tilkynnt að samþykkt hafi verið í ríkisstjórn að breyta skattaumhverfi orkuvinnslu og sú vinna sé að hefjast. Mikilvægt er að Samtök orkusveitarfélaga fái skýra aðkomu að þeirri vinnu til að tryggja að sátt verði um nýtt skattaumhverfi.

Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög, ríki og orkuframleiðendur gangi í takt og allir beri sanngjarnan ávinning af því gríðarlega mikilvæga markmiði sem orkuskiptin eru og að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Lykillinn af farsælum orkuskiptum er nýtt skattaumhverfi sem tryggir sanngjarnan efnahagslegan ábata fyrir nærsamfélagið.

Fundi var slitið kl. 14:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Jónína Brynjólfsdóttir

Einar Kristján Jónsson